

Vinna og börn

Ætlar þú að ráða þig í vinnu? Þá skaltu ekki eignast barn!

Málefni	Félagsleg réttindi, jafnrétti kynjanna, mismunun og útlendingahatur
Þyngdarstig	Stig 2
Hópstærð	10–25
Tími	90 mínútur
Yfirlit	Þetta er hlutverkaleikur þar sem fjallað er um: <ul style="list-style-type: none"> • Rétt vinnandi kvenna til barneigna. • Mismunun kvenna á vinnustað.
Tengd réttindi	<ul style="list-style-type: none"> • Réttur kvenna til barneigna. • Rétturinn til að vera ekki sagt upp starfi vegna þungunar, fæðingarorlofs og hjúskaparstöðu. • Rétturinn til jafnra tækifæra og launa á vinnumarkaði.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að auka vitneskju um rétt kvenna til barneigna. • Að fá þátttakendur til að skilja hvernig það er að vera mismunað. • Að stuðla að jafnrétti, réttlæti og ábyrgð.
Efniviður og aðstaða	<ul style="list-style-type: none"> • Stór pappírsörk, flettistöflupappír eða tafla. • Aðstaða fyrir hópavinnu og hlutverkaleik. • Leikmunir, borð og stólar, penni og pappír.
Undirbúningur	• Teiknaðu aðstæður upp á töflu eða á stóra pappírsörk.

Leiðbeiningar

1. Segðu þátttakendum að í verkefninu fari fram hlutverkaleikur um málefni sem varða rétt kvenna á vinnumarkaði til barneigna. Haltu stuttan hugarflugsfund um rétt kvenna til barneigna svo að þátttakendur skilji hvað átt er við.
2. Skiptu þátttakendum í litla vinnuhópa (í mesta lagi fimm í hverjum hópi).
3. Lestu upp eftirfarandi lýsingu á aðdraganda hlutverkaleiksins sem fara skal fram:

„María hefur verið atvinnulaus í nærri heilt ár og leitar ákaft að vinnu. Fyrir tíu dögum fór hún í atvinnuviðtal vegna draumastarfsins – það var einmitt starfið sem hún var að leita að! Viðtalið gekk ljómandi vel og henni var boðið starfið. Henni var sagt að hún þyrfti að hitta starfsmannastjórnann til að ganga frá starfssamningi.

Hún var búin að ræða skyldur sínar og önnur starfstengd mál í viðtalinu. En þegar hún var að fara að undirrita samninginn sagði starfsmannastjórnin henni að starfinu fylgdi það skilyrði að hún undirritaði yfirlýsingu um að hún ætlaði ekki að eignast barn næstu tvö árin.“

4. Gefðu nú hópunum tuttugu mínútur til að semja sögulok og undirbúa leikþáttinn. Hlutverkaleikurinn á að hefjast þegar María og starfsmannastjórnin hittast og á aðeins standa yfir í fimm mínútur.
5. Leyfðu hverjum hópi að setja fram sína leikgerð. Geyma skal allar umræður þar til í samantektinni.

MÁLEFNI



FÉLAGSLEG RÉTTINDI



JAFNRÉTTI KYNJANNA



MISMUNUN

ÞYNGDARSTIG

STIG 4

STIG 3

STIG 2

STIG 1

STIG 2

HÓPSTÆRÐ



10–25

TÍMI



90 MÍNÚTUR

Samantekt og mat

Fyrst á hver hópur að segja stuttlega frá því hvernig hann undirbjó leikinn og svara athugasemdum frá hinum. Síðan ætti að ræða þennan vanda og hvernig bregðast þurfi við mismunum af þessu tagi.

- Kom þetta dæmi einhverjum á óvart? Á slíkt sér stað hér á landi?
- Hvernig ákváðu hóparnir hver niðurstaðan skyldi vera?
- Voru niðurstöðurnar raunhæfar? Hvaða atriði komu vel út – og hver miður vel – hjá „Maríunum“, sem lentu í þessum aðstæðum? Hvernig gengur að sýna ákveðni við slíkar aðstæður, í stað þess að verða annaðhvort æst eða undirgefin?
- Hver er réttur kvenna á vinnustöðum hér á landi þegar þær verða barnshafandi?
- Hvers vegna skyldi fyrirtækið hafa sett Maríu slík skilyrði? Er það sanngjarnt? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Voru einhver mannréttindi brotin? Ef svo er, hvaða réttindi?
- Hefði verið komið svona fram við Maríu ef hún hefði verið karlmaður? Hvers vegna? Hvers vegna ekki?
- Að hvaða leyti líta karlmenn svona málefni öðrum augum en konur?
- Hvað teljið þið að hægt sé að gera til að efla og vernda rétt kvenna til barneigna?

Ábendingar til leiðbeinanda

Ákveða verður með tilliti til hósins hvort skipta skuli þátttakendum í smærri hópa, annaðhvort blandaða eða eingöngu skipaða körlum eða konum. Ef einungis karlar eða konur skipa hópana vekja niðurstöðurnar oft líflegri umræður en ella. Ekki er víst að þátttakendur kannist við hugtakið „réttinn til barneigna“ og þá þarf að gefa þeim einhverjar vísbendingar til að þeir átti sig á samhenginu. Reynt skal að fá þátttakendur til að tjá sig um eftirfarandi atriði:

Réttinum til barneigna fylgir rétturinn til að:

- vera í ánægjulegu kynferðislegu sambandi án þess að óttast smit eða sjúkdóma
- ákveða hvort eignast skuli börn eða ekki
- fá fjölskylduráðgjöf og örugga og mannúðlega þjónustu á sviði fóstureyðinga þar sem komið er fram við konur af virðingu, og trúnaðar er gætt
- fá fræðslu um kynferðismál

Hafa skal í huga að spurningin um hvort brotið hafi verið á mannréttindum getur vakið upp ágreining um fóstureyðingar, og val kvenna þar að lútandi, andspænis rétti fósturs til lífs. Þetta er mjög mikilvægt málefni, ekki síst í mannréttindafræðslu þar sem þátttakendur verða að mæta með opinn hug, leggja til hliðar staðalmyndir og fyrirfram mótaðar skoðanir og beita gagnrýninni hugsun. Þetta er mjög gott dæmi um það hve mannréttindi eru í eðli sínu flókin. Ef umræður vakna um það má einnig taka það upp síðar sem sérstakt viðfangsefni.

Tilbrigði

Í stað þess að skipta þátttakendum í litla hópa má fá tvo sjálfboðaliða til að leika Maríu og starfsmannastjórnann fyrir allan hópinn. Þá er hægt að gera hlé á leiknum af og til og biðja áhorfendur að koma með athugasemdir og geta sér til um hvað gerist næst. Einnig geta áhorfendur einfaldlega skipt um sæti við leikarana og komið með ný viðhorf og breytt framvindunni. Nánari upplýsingar um hlutverkaleik eru á bls. 50 í I. kafla bókarinnar.

Einnig geta fleiri persónur tekið þátt í leiknum. Tilvalið er að fá eiginmann Maríu til að slást í hópinn. Hann gæti verið fulltrúi stéttarfélags og leikurinn gæti haldið áfram eftir lok þessa fundar með starfsmannstjóranum.

Þátttakendur mega búa til og breyta nöfnum persóna að vild.

Tillögur um framhald

Þátttakendur gætu rannsakað hvernig réttinum til barneigna er háttað hér á landi. Síðan gætu þeir átt viðtöl við bæði konur og atvinnurekendur til að komast að því hvernig löggjöfin virkar í raun. Einnig væri hægt að kanna hvaða áhrif Evrópulöggjöfin hefur á héraðslöggjöf á þessu sviði.

Hópurinn gæti einnig kynnt sér hvernig kynfræðsla fer fram hér á landi. Er gerð full grein fyrir réttinum til barneigna þar?

Ef áhugi er á því að kanna annars konar mismunun á vinnustöðum er bent á verkefnið „Mismunandi laun“ á bls. 180.

Hugmyndir um aðgerðir

Hægt er að fjalla um málefni sem tengjast réttinum til barneigna í skólanum eða á félagsfundum.

Nánari upplýsingar

Um Samninginn um afnám allrar mismununar gagnvart konum.

Auk borgaralegra réttinda lýtur samningurinn aðallega að því málefni sem er konum mikilvægast, þ.e. rétti þeirra til barneigna. Í innganginum er lagt upp með þá staðhæfingu að „barnsfæðingarhlutverk konunnar eigi ekki að vera undirrot misréttis“. Tengslin milli misréttis og þess hlutverks kvenna sem tengist barneignum eru víða ítrekuð í samningnum. Í 5. grein er til dæmis kveðið á um „viðeigandi skilning á móðurhlutverkinu sem félagslegu fyrirbrigði“, og að bæði kynin skuli bera jafna ábyrgð á uppeldi barna. Samkvæmt því er ákvæðum um verndun móðurhlutverksins og umönnun barna lýst sem grundvallarréttindum, og þau eru felld inn í samninginn á öllum sviðum, hvort sem fjallað er um atvinnu, fjölskyldulöggjöf, heilsugæslu eða menntun. Samfélaginu er skylt að veita félagslega þjónustu, einkum varðandi umönnun barna, sem gerir einstaklingum kleift að sinna bæði fjölskyldulífi og starfi og þátttöku á opinberum vettvangi. Mælt er með tilteknum aðferðum til að vernda móðurhlutverkið og „skal það ekki talið mismunun“. (4. gr.). Samningurinn staðfestir einnig rétt kvenna til barneigna. Athyglisvert er að þetta er eini mannréttindasamningurinn sem lætur getið um fjölskylduáætlanir. Kveðið er á um að skylt sé að veita ráðgjöf um fjölskylduáætlanir með sérstakri uppfræðslu (grein 10.h) og vinna að fjölskyldulöggjöf sem tryggir konum rétt „til þess að ákveða á frjálsum og ábyrgan hátt fjölda barna þeirra og bil milli barneigna og að hafa aðgang að upplýsingum, fræðslu og aðferðum til þess að þær geti notfært sér þessi réttindi“ (grein 16.e).

Lykildagsetning

15. maí

Alþjóðafjölskyldudagurinn